



LEIKSKÓLINN
SJÁLAND

-náttúruleg gleði

Handbók um jákvæðan aga

Leikskólinn Sjáland

Sérkennsluteymi

Haust 2014

Efnisyfirlit

| | |
|------------------------------|----|
| Orðabók | 4 |
| Grunnhugtökin | 5 |
| Agi | 5 |
| Æskileg/jákvæð hegðun..... | 5 |
| Óæskileg/neikvæð hegðun..... | 5 |
| Andfélagsleg hegðun | 5 |
| Ósamrýmanleg hegðun | 5 |
| Styrkir..... | 5 |
| Gera sjálfur | 5 |
| Aðstoða..... | 5 |
| Stýring..... | 5 |
| Kennsla | 6 |
| Fyrirmæli..... | 6 |
| Hrós | 9 |
| Stýring..... | 10 |
| Hunsun..... | 11 |
| Missa af..... | 11 |
| Hlé..... | 12 |
| Samræmdar aðstæður | 13 |
| Matartími..... | 13 |
| Pláss/Samvera | 13 |
| Valfundur | 13 |
| Valtími..... | 13 |
| Fataklefi | 13 |

Tilgangur agastefnu

Tilgangur agastefnu er að tryggja börnum einfalt umhverfi þar sem skýrt er til hvers ætlast er af þeim. Með skýrri stefnu um mótun jákvæðs aga gefum við kennurum verkfæri til að takast á við hegðun á jákvæðan hátt og búa þannig til kjöraðstæður fyrir nám barna.

Reglur þurfa að vera skýrar og afleiðingar gegnsæjar og samræmdar en þannig verða áherslur í agamálum alltaf eins dag frá degi. Að hafa sömu reglur fyrir alla tryggir jafnræði og geta börnin gengið að því vísu hvaða afleiðingar hegðun þeirra hefur sem veitir þeim öryggi og festu. Með því að hafa skýran ramma gefst barninu betra færi á að æfa sjálfstjórn.

Börn eru ólík og við mætum hverju barni þar sem það er statt. Við notum samræmdar aðferðir sem byggja á sama grunni en veita jafnframt svigrúm fyrir ólíkar kennsluaðferðir kennara.

Agastefnan auðveldar foreldrum aðgengi að upplýsingum um það hvernig kennarar vinna með börnum þeirra í daglegu starfi á leikskólanum. Bestur árangur næst þegar heimili og skóli eru samtaka. Þær aðferðir sem við notum í skólanum til að efla jákvæðan aga er einnig hægt að nota heima fyrir. Þegar foreldrar og kennarar hafa góð verkfæri til að takast á við hegðun barna dregur það úr álagi og ýtir undir sjálfsaga barna (Eisenstadt, Eyberg, McNeil, Newbomn og Funderburk, 1993 – frumheimild, Bergin og Bergin, 1999).

Markmið okkar er að eiga jákvæð samskipti sem einkennast af virðingu. Virðing kennir virðingu og er lykilatriði í öllum samskiptum. Berum alltaf virðingu fyrir hvert öðru og munum að börn eru ekki litlir fullorðnir einstaklingar. Viðurkennum sjónarhorn og tilfinningar barns og sýnum því virðingu þegar við erum að móta hegðun þess. Munum að við erum fyrirmyndir barnanna. Þau læra af okkur með því að herma eftir hegðun okkar í sambærilegum aðstæðum. Því er mikilvægt að vera ávalt góð fyrirmynd.

Áherslan í jákvæðri agastjórnun er að hvetja börnin áfram þegar þau sýna æskilega hegðun.

Við viljum að samskiptin á leikskólanum séu jákvæð og uppbyggileg.

Höfum gaman saman og njótum augnabliksins ☺

Orðabók

Við notum ákveðin orð til að gefa einföld skýr fyrirmæli. Með samræmdum orðaforða einföldum við umhverfi barnanna og minnkum áreiti sem fylgir löngum flóknum setningum.

| | |
|---------------------------------|---|
| í boði | Afmarkar skýrt hvað er í boði hverju sinni og hvað er ekki í boði. Með því að segja hvað er í boði getum við sleppt að segja hvað er ekki í boði. |
| kjarna sig | Sitja í indjánastellingu/jógastellingu. Við kjörnum okkur til að hafa stjórn á höndum, fótum og munn. Með því að segja þetta komumst við hjá því að gefa neikvæð fyrirmæli sem gætu t.d. verið „hættu að klípa“ „ekki slá“ |
| kjarna munn | Loka munninum/hafa hljóð. Segir börnum á skýran hátt að hafa hljóð. |
| kjarna hendur | Hendur hvíla á hnjám með vísifingur og þumalfingur saman. Við kjörnum hendur til að gefa höndum ákveðið hlutverk í stað þess að segja það sem hendurnar eiga ekki að gera |
| hafa stjórn | Að geta stjórnað eigin hegðun og tilfinningum |
| Kórstaða | Hendur fyrir aftan bak. Þetta segir börnunum hvað þau eiga að vera að gera í röð en kemur á sama tíma í veg fyrir ósamrýmanlega hegðun eins og að pota í næsta barn. |
| halda í stél | Þegar yngstu börnin ganga í röð halda þau neðst í bol barnsins fyrir framan. Þetta hjálpar yngri börnunum að ganga í röð og er útfærsla á kórstöðu sem veitir meiri stýringu. |
| Pláss | Afmarkað svæði hvers nemandar á samverumottu á kjarna. Það veitir börnum öryggi að eiga sinn fasta stað og einfaldar kennurum að staðsetja börnin á fljótlegan hátt þegar börnin vita hvar þau eiga að setjast |
| að ruglast | Þegar við gleymum umgengnisreglunum okkar þá leggjum við áherslu á athöfnina en ekki barnið sjálft með því að segja að barnið sé að ruglast þegar það gerir e-ð ákveðið. Við segjum þannig við barnið á hlutlausan hátt að það sé að sýna óæskilega hegðun. |
| gengur betur næst að ... | Segir barninu hvað það á að gera. Með því að segja þetta við barnið látum við það vita á uppbyggjandi hátt að við höfum trú á því og við vitum að það geti gert betur. Það skýrir líka fyrir barninu hvað við leggjum áherslu á með því að segja t.d. „það gengur betur næst að ganga frá kubbunum“ |



Grunnhugtökin

Agi

Aga má skilgreina sem getu til að fara eftir fyrirmælum og fylgja reglum án þess að vera undir eftirliti (Bergin og Bergin, 1999).

Börn æfa sig í að stjórna eigin hegðun og tilfinningum í umhverfi sem leggur áherslu á aga.

Við notum aga til að búa til aðstæður sem henta vel fyrir nám barna. Með aga búum við til jákvætt umhverfi fyrir leik og gleði í kennslu.

Agi í leikskóla og heima fyrir leggur grunn að þróun sjálfsaga barnsins (Caughy o.fl., 2003).

Á leikskólanum Sjálandi leggjum við áherslu á jákvæðan aga. Við náum fram aga með því að móta hegðun barnanna með hvatningu og leiðbeiningum. Áherslan í jákvæðri agastjórnun er að hvetja börnin áfram þegar þau sýna jákvæða hegðun. Við umbunum fyrir viðeigandi hegðun frekar en að veita óviðeigandi hegðun athygli með því að refsa fyrir hana. Athyglin á að beinast að því sem gengur vel hjá barninu.

Æskileg/jákvæð hegðun

Hegðun sem gagnast barninu

Óæskileg/neikvæð hegðun

Hegðun sem gagnast ekki barninu

Andfélagsleg hegðun

Hegðun sem hefur þann tilgang að skemma hluti eða meiða aðra líkamlega eða með orðum.

Ósamrýmanleg hegðun

Hegðun sem getur ekki átt sér stað á sama tíma og önnur hegðun. T.d að ganga og hlaupa er ósamrýmanleg hegðun sem barn getur ekki gert á sama tíma. Að tala og hafa hljóð er annað dæmi um ósamrýmanlega hegðun.

Styrkir

Umbun sem eykur líkur á að barn endurtaki hegðunina. Getur verið mjög mismunandi hvað virkar vel fyrir hvert barn.

Gera sjálfur

Börnin eru hvött til þess að gera sjálf. Þeim er alltaf boðið að reyna sjálf að gera hlutina áður en þau eru aðstoðuð.

Aðstoða

Við aðstoðum börnin við að sýna æskilega hegðun ef þau gera það ekki sjálf og segjum þeim þá að við þurfum að aðstoða þau. Þannig vita þau alltaf fyrirfram að þau fái aðstoð í stað þess að taka fram fyrir hendurnar á þeim.

Stýring

Þegar þarf að aðstoða barn við ákveðna hegðun.

Leiðir

Kennsla

Alla færni sem við gerum kröfu á að börn sýni eða teljum að þau þurfi að kunna þurfum við fyrst að ganga úr skugga um að þau kunni. Ef ekki þá kennum við þeim, eins og til dæmis að sitja á stól við matarborðið. Þetta á við um alla kennslu, svo sem orðaforða, sjálfstjórn, samskipti og margt, margt fleira.

Nokkur dæmi:

| | |
|-------------|--|
| Orðaforða | Kenna þeim orð sem við sjáum að þau nota ekki eins og „viltu skiptast á“ eða „má ég fá meira“ |
| Sjálfstjórn | Þegar barn hættir að gráta hrósum við því með því að segja „duglegur að stjórna þér“ og kennum þannig hvað það er að stjórna sér. Í framtíðinni þegar við erum búin að tengja þetta tvennt oft saman getum við notað þetta orð og sagt „náðu stjórn og segðu mér svo hvað gerðist“ |
| Samskipti | Við kennum börnunum hvað felst í því að vera góður vinur. Við stöndum þau að verki þegar þau eru að hjálpa vinum sínum og hrósum þeim með lýsandi hrósi „flott hjá þér Anna, þú ert góð vinkona“. |

Lykilatriði til þess að kennsla skili sér til barnanna er að kennari nái og haldi athygli þeirra. Þegar athygli barnanna er á kennaranum og því sem hann er að gera eru þau móttækileg fyrir því að læra.

Fyrirmæli

Við notum fyrirmæli til þess að kenna börnunum. Þegar við kennum þeim að klippa, að klæða sig eða að eiga jákvæð samskipti við samnemendur þá gefum við þeim fyrirmæli. Við gefum fyrirmæli til þess að börnin viti til hvers er ætlast af þeim. Við viljum að börnin viti alltaf hvað þau eiga að vera að gera því það kemur í veg fyrir að þau geri eitthvað sem þau eiga ekki að vera gera.


Sem dæmi má nefna þegar kennari gefur börnum fyrirmæli um að setja hendur á læri í upphafi matartíma þá er hann að gefa til kynna hvers hann ætlast af þeim. Upplýsingarnar sem börnin fá eru í rauninni samt miklu meiri því ef þau eiga að vera með hendur á lærum þá eru þau ekki að gera eitthvað annað með höndunum. Með því að segja börnunum hvað þau eiga að gera er kennarinn í raun að veita þeim upplýsingar um margt sem þau eiga ekki að vera gera á sama tíma. Þetta kallast ósamrýmanleg hegðun, því að þær geta ekki báðar birst á sama tíma.

Það er vandasamt að gefa góð fyrirmæli og það er margt sem þarf að hafa í huga. Því einfaldari sem að fyrirmælin eru því auðveldara er að skilja þau.

Einkenni góðra fyrirmæla eru:



Dæmi um góð og slæm fyrirmæli:



Til þess að börn fari eftir fyrirmælum skiptir það aðal máli að kennarar fylgi fyrirmælunum eftir. Þannig læra börnin að þegar kennarinn gefur fyrirmæli um að setjast í hring, að þá þurfi þau að setjast í hring. Það er því lykilatriðið að gefa einungis fyrirmæli sem við getum fylgt eftir. Fyrirmælaæfingar skila einnig góðum árangri og þær er mikilvægt að æfa jafnt og þétt yfir önnina, en þó sérstaklega í byrjun annar og þegar kennari tekur við nýjum barnahóp. Nokkur dæmi um skemmtilegar fyrirmælaæfingar eru:

- ❖ Fyrirmælaþrautakóngur
- ❖ Stórt skip – lítið skip
- ❖ Dimmalimm
- ❖ Símon segir

Þegar við gefum fyrirmæli getum við notað mismikla stýringu. Það er hlutverk kennarans að lesa í barnahópinn og velja þá tegund af fyrirmælum sem hentar hverju barni. Sumum henta hópþyrirmæli, aðrir þurfa meiri stýringu til þess að taka á móti upplýsingum sem felast í fyrirmælunum og þeim hentar betur einstaklingsfyrirmæli. Stundum þarf að ná athygli barnsins fyrst með því að beygja sig niður í þeirra augnhæð og gefa svo fyrirmælin. Það er mikilvægt að velja rétta aðferð hverju sinni því að þessar upplýsingar þurfa að komast til skila til þess að börnin viti til hvers við ætlumst af þeim. Einnig er mikilvægt að mæta hverju barni á hlutlausan hátt sama hvaða aðferð við þurfum að nota.

Dæmi um góðar aðferðir til þess að ná athygli barnanna áður en fyrirmæli eru gefin eru:

- ❖ Einn, tveir og hlusta
- ❖ Ná augnsambandi
- ❖ Snerta létt öxl barns

Dæmi um hvernig við gefum fyrirmæli

❖ Fyrsta tilraun:

| | | | |
|-------------|------------------|--------------------------|--|
| Fyrirmæli → | Viðbrögð barns ⇒ | Fylgir fyrirmælum → | Kennari hrósar t.d. „Flott hjá þér“ |
| | | Fylgir ekki fyrirmælum → | Kennari segir „Nei“ og endurtekur fyrirmælin |

❖ Önnur tilraun:

| | | | |
|-------------|------------------|--------------------------|--|
| Fyrirmæli → | Viðbrögð barns ⇒ | Fylgir fyrirmælum → | Kennari hrósar t.d. „Flott hjá þér“ |
| | | Fylgir ekki fyrirmælum → | Kennari segir „Nei“ og endurtekur fyrirmælin |

❖ Þriðja tilraun:


| | | | |
|-------------|------------------|--------------------------|--|
| Fyrirmæli → | Viðbrögð barns ⇒ | Fylgir fyrirmælum → | Kennari hrósar t.d. „Flott hjá þér“ |
| | | Fylgir ekki fyrirmælum → | Kennari aðstoðar barn við að fylgja fyrirmælum |

Þegar barn fylgir fyrirmælum er hægt að hrósa því á margan hátt, nokkur dæmi eru: athygli, fimma og lýsandi hrós („þú ert duglegur að sitja á plássi“). Ef að börn fylgja ekki fyrirmælum þá endurtökum við þau að hámarki tvisvar en í síðasta skiptið aðstoðum við barnið við að fylgja fyrirmælunum, t.d. að setjast. Svo hrósum við auðvitað barninu 5-10 sekúndum seinna þegar það situr ennþá. Með því að hrósa aukum við líkurnar á því að barnið geri þetta aftur næst í samskonar aðstæðum.

Aðferð

Aðferðin sem við notum þegar við vinnum með hegðun byggir á atferlisgreiningu. Hún gengur út á að kennarar umbuni börnunum fyrir að sýna viðeigandi hegðun. Athyglin beinist að því sem gengur vel hjá barninu og kennarar láta á markvissan hátt eftirsóknarverðar afleiðingar fylgja í kjölfar hegðunar barna. Sem dæmi má nefna er þegar kennari gefur fyrirmæli um að setjast á pláss og hrósar svo þeim börnum sem ganga beint að plássinu sínu og setjast þar niður.

Það eru nokkrar aðferðir sem við notum til að móta hegðun og þeim er raðað í styrkleikaröð á myndinni hér að neðan. Markmiðið er að nota ávallt lágmarks inngrip og því byrjum við alltaf á að hrósa, næst reynum við stýringu, svo hunsun, svo að missa af. Hlé er einungis notað þegar um ítrekaða andfélagslega hegðun er að ræða og alltaf í samráði við sérkennsluteymið. Lykilatriðið er að hrósa fyrir æskilega hegðun. Allar þessar aðferðir eiga það sameiginlegt að enda með hrósi, missterku eftir því hvort barnið fær aðstoð eða ekki.



Hrós

Til þess að kenna börnunum þá þurfum við að gefa þeim til kynna hvenær þau eru að gera rétt því að við viljum að þau geri það oftar. Þetta kennum við til dæmis með því að hvetja þau áfram þegar þau eru að leggja sig fram. Hrós er það form sem að stærsti hluti kennslunnar fer fram í. Við hvetjum þau áfram þegar þau eru að gera rétt og aukum þannig líkur á að þau sýni aftur þessa æskilegu hegðun. Þannig aukum við hlutfall æskilegrar hegðunar. Þessi aðferð skilar því líka að mestur hluti samskipta okkar er á jákvæðu nótunum. Það er einmitt markmiðið, að börnin læri og að við eigum jákvæð, skemmtileg og uppbyggileg samskipti á meðan. Þó að stærstur hluti kennslunnar fari fram með því að benda börnunum á það sem þau eru að gera rétt, þá þarf í sumum tilvikum að aðstoða þau, en það er mun minni hluti. Það er hægt að ímynda sér að myndin hér að neðan sé af meðal samskiptum kennara við barn, græni hlutinn táknar samskipti þar sem kennari bendir barni á hvað það er að gera rétt, guli hlutinn eru samskipti þar sem kennarinn leiðbeinir barninu.



Það er því hlutverk kennara að grípa börnin þegar þau eru góð, þannig gerum við það eftirsóknarvert að láta ganga vel því þá fá börnin svo mikla jákvæða athygli frá kennaranum. Það er því mikilvægt að kennarar eyði orkunni sinni í að hrósa öllum hópnum í stað þess að veita þeim neikvæða athygli sem sýna óæskilega hegðun. Agastefna gerir þannig kennslu kennara markvissari og auðveldari.

Þegar við tölum um hrós erum við í rauninni að tala um styrkja, en styrkir er eitthvað sem kemur á eftir hegðun og eykur líkur á því að hún endurtaki sig. Dæmi um styrkja eru:

- ❖ Yrt hrós: „flott hjá þér að klæða þig sjálf“
- ❖ Tákn: þumall upp
- ❖ Félagslegur styrkir: gefa fimmu eða leyfa barni að bjóða ávexti

Nokkur dæmi um aðstæður þar sem að við getum notað hrós til að breyta hegðun:

- ❖ Til að barn borði mat
- ❖ Til að barn sitji á plássi
- ❖ Til að barn klæði sig í útiföt
- ❖ Til að barn sé á sínu valsvæði
- ❖ Til að barn þvoi hendur eftir klósettferð

Segjum sem svo að barn vill ekki borða matinn. Þá hrósum við öllum sem að eru duglegir og gerum þannig eftirsóknarvert að borða matinn. Við segjum „flott hjá þér að smakka hrísgrjón“, „þér gengur vel að drekka vatnið“. Um leið og barnið sem vildi ekki borða matinn smakkar þá hrósum við fyrir það.

Mikill einstaklingsmunur getur verið á því hvaða styrkir hentar börnum, hjá sumum eykur yrt hrós líkur á að hegðun endurtaki sig en gerir það ef til vill ekki hjá barni sem er feimið. Því er mikilvægt að kennarar finni styrkja sem hentar hverju barni.

Til þess að styrkir skili sem mestum árangri skiptir máli að hann komi strax í kjölfar hegðunar barns. Sem dæmi þá er betra að hrósa barnahóp fyrir að ganga frá á meðan þau eru að gera það heldur en í lok hópátímans þegar þau eru búin og eru að fá sér ávöxt. Áhrifamátturinn dvínar eftir því sem lengra líður á milli hegðunarinnar og styrkisins.

Stýring

Stýring er notuð þegar hrós hefur verið reynt en nægir ekki eitt og sér til að breyta hegðun. Við stýrum þá barni í að sýna æskilega hegðun. Við leggjum alltaf áherslu á að börnin geri sjálf og gerum það eftirsóknarvert með því að hrósa fyrir það. Í þeim aðstæðum þar sem hrós hefur verið reynt en skilar ekki breytttri hegðun þá hvetjum við börnin til þess að gera sjálf, t.d. að setja valspjaldið ofan í körfuna á valfundi. Ef þau gera það ekki sjálf þá útskýrum við fyrir þeim að þau hafa val, þau mega annað hvort setja spjaldið sjálf ofaní körfuna eða við aðstoðum þau við það. Stýringin er þá að hjálpa þeim að setja spjaldið ofaní. Við reynum alltaf að stýra eins lítið og við getum, t.d. ef að barn vill ekki klæða sig í úlpu þá byrjum við á að aðstoða barnið við að fara í aðra ermina í stað þess að byrja á að klæða barnið í alla úlpuna. Um leið og börnin gera sjálf þá hrósum við þeim fyrir það og aukum þannig líkur á að þau sýni þessa hegðun aftur næst.

Dæmi um aðstæður þar sem stýring er notuð til að móta hegðun:

- ❖ Þegar börn fara ekki eftir fyrirmælum í þriðja skipti sem að þau eru gefin
- ❖ Þegar börn fara ítrekað ekki eftir fyrirmælum

Í sumum aðstæðum getur reynst vel að setja tímamörk á það hvenær kennarinn kemur og aðstoðar barn. Dæmi um aðstæður er að setjast á stól. Kennarinn gefur barni fyriræli um að setjast á stól, barn fylgir þeim ekki, kennarinn gefur fyrirælin aftur og telur strax „1, 2, 3“. Fyrirælin þurfa að koma strax á undan talningunni svo að barnið viti til hvers er ætlast, þess vegna gefum við fyrirælin aftur. Að telja upp að þremur gefur barninu tímaramma til að fylgja fyrirælu, þegar hann er liðinn fær barnið aðstoð. Til að þetta gangi upp er lyklatríði að hver tala taki eina sekúndu, svo að tímaramminn sé alltaf jafn langur, þ.e. 3 sekúndur, sama hvaða kennari er að telja. Eins er mikilvægt að stýring hefjist alltaf um leið og búið er að segja þrír, svo að tímaramminn lengist ekki heldur sé alltaf sá sami.

Hunsun

Stundum þurfum við að draga úr hegðun og þá notum við virka hunsun. Það er þegar við erum á markvissan hátt að koma í veg fyrir að barn fái athygli fyrir að sýna tiltekna hegðun. Sem dæmi má nefna barn sem vill ekki ganga frá snjallkubbum í lok hópatíma. Kennarinn er þá búinn að gefa fyriræli um að allir eigi að ganga frá núna. Kennarinn veitir þeim börnum sem ganga frá athygli með því að hrósa þeim, t.d. gefa þeim fimmu. Þannig gerir hann eftirsóknarvert að ganga frá. Um leið og börnunum sem fara að ganga frá fjölga grípum við tækifærið og hrósum þeim fyrir. Hunsunin gengur því út á að veita óæskilegri hegðun ekki athygli. Suma hegðun hunsum við aldrei, svo sem andfélagslega hegðun eins og að skemma eða meiða. Dæmi um aðstæður þar sem hunsun er notuð til að breyta hegðun:

- ❖ Þegar fyriræli um að kjarna munn hafa verið gefin ítrekað í litlum hóp -tilgangurinn er að barnið fái ekki þá athygli sem það sækist eftir með því að trufla kennslu

Missa af

Stundum ruglast börn ítrekað og þá geta þau misst af ákveðnum aðstæðum tímabundið. Dæmi er þegar barn tekur bolta ítrekað af öðru barni inni leikstofu. Ef að aðrar inngripsminni aðferðir hafa ekki skilað árangri þá segir kennari barninu að nú sé það búið að missa af leikstofu. Kennari fer með barnið í aðrar aðstæður, t.d. út fyrir leikstofuna. Kennari þarf að hafa í huga að aðstæðurnar sem barnið fer í séu ekki eftirsóknarverðar, svo að kennarinn láti ekki eftirsóknarverðar afleiðingar fylgja í kjölfar óæskilegrar hegðunar. Það er algjört lyklatríði að tíminn sem að barnið missir af sé stuttur því að við viljum gefa barninu tækifæri á að reyna aftur og láta ganga vel. Gott er að miða við 10 til 30 sekúndur. Það skiptir líka miklu máli að hegðun barnsins hafi ekki áhrif á það hvenær það fær að fara aftur inn í aðstæðurnar, kennarinn stjórnar því hvenær barnið fær að reyna aftur. Það er gert til þess að barn geti ekki sýnt óæskilega hegðun á borð við mótmæli og fengið í staðinn að fara fyrr inn í aðstæðurnar.

Stundum hentar betur að barn fari í hendi, t.d. í aðstæðum þar sem kennarinn hefur ekki kost á að vera kyrr á einum stað, svo sem úti eða inni í sal. Þegar barn er í hendi þá leiðir það kennarann og missir af þeim aðstæðum sem hin börnin eru í, í stutta stund og fær síðan tækifæri á að reyna aftur og láta ganga betur. Mikilvægt er að kennarinn fari ekki og sinni eftirsóknarverðu verkefni á meðan barn er í hendi, því það getur verið styrkir fyrir þá óæskilegu hegðun sem barn var að sýna. Best er að vera á hlutlausum stað svo að það verði eftirsóknarvert fyrir barnið að fara aftur til krakkanna og láta ganga betur.

Hlé

Við notum einungis hlé sem síðasta úrræði, þegar aðrar aðferðir hafa verið reyndar en skila ekki árangri. Hlé er yfirleitt einungis notað þegar um er að ræða andfélagslega eða hættulega hegðun. Þegar hlé er notað er það gert á markvissan hátt og í samráði við sérkennsluteymi. Barnið þarf að fá kennslu í því hvernig hlé fer fram, hvernig klukkan virkar og fleira.

Dæmi

Kennsluaðferðunum hér að neðan er raðað upp eftir því hversu mikið inngrip felst í þeim. Við viljum alltaf nota sem minnst inngrip.



Ítarlegar er farið í þessar aðferðir á námskeiði sem haldið er á haustin. Námskeiðið er fyrir alla foreldra, aðstandendur og kennara barnanna á leikskólanum Sjúalandi.

Samræmdar aðstæður

Matartími

Setjast niður og bíða með hendur á lærum/undir borði þar til allir eru búnir að fá mat og kennari býður börnum að gjöra svo vel.

Allir fá allar matartegundir á diskinn og börnin fá val um sósu. Kennarinn hrósar þeim sem smakka allt og eru dugleg að borða.

Á Bláa- og Rauðakjarna byrja börnin að æfa sig í að skammta sér matinn sjálf. Börnin æfa sig í að ganga frá eftir sig eftir matinn, mismikið eftir aldri.

Matartíminn er kjörinn tími fyrir málörvun. Þá er í boði að tala saman en nota jafnframt innirödd. Þarna æfum við okkur að skiptast á að tala og hlusta á vini okkar.

Pláss/Samvera

Hvert barn hefur sitt afmarkaða pláss í samveru á kjarnanum.

Plássin eru notuð á valfundum og í skemmtistund fyrir matartíma og hjálpa þau börnunum að vita hvar þau eiga að vera. Stundum sitjum við kjörnuð á plássu en aldrei lengi í einu.

Valfundur

Á valfundum sitja börn á plássu og kjarna hendur fætur og munn. Valfundurinn er stuttur og á honum læra börnin sjálfsgaga með því að stundum er í boði að velja það sem þau vilja og stundum er það ekki í boði. Þar sem sömu valsvæðin eru alltaf í boði vita börnin að hverju þau ganga. Börnin læra að þau fá ekki alltaf það sem þau vilja en þar sem röðin á því hver velur fyrst róterast alltaf vita þau að eitthvað sem er ekki í boði núna gæti verið í boði fyrir þau á næsta eða þarnæsta valfundi.

Valtími

Í valtíma eru börnin að æfa sig í að vera á ákveðnu svæði og með ákveðinn efnivið sem þau velja. Ekki er nauðsynlegt að sitja við borð í borðverkefnum þó það sé æskilegt. Hlutverk kennarans í valtímanum er að virkja börnin í verkefnum á valsvæðum með því að t.d. vekja athygli þeirra á nýjum hugmyndum. Kennarinn fylgist með hverju barni og hrósar t.d. fyrir leik, samleik, frumkvæði skapandi leik og að vera á sínu svæði. Með því að hrósa börnunum og veita þeim athygli eflir kennarinn úthald þeirra á valsvæðum. Í lok valtímans ganga börnin frá þeim efnivið sem þau hafa notað á sínu valsvæði. Því færari sem börnin eru í að vera á sínu svæði því meira svigrúm getum við gefið þeim til að útvíkka svæðin. Límband á gólfum gagnast mjög vel við að afmarka svæði

Fataklefi

Börnin ganga í röð og kórstöðu/halda í stél á leið í og úr fataklefa. Við göngum vel um fataklefann með því að hengja fötin á snagana og raða skónum. Börnin æfa sig að klæða sig sjálf og nota orðin sín ef þau vilja biðja um aðstoð. Með góðri umgengni auðveldum við aðgengi margra að takmörkuðu plássu. Börnin setjast fyrir framan skápinn þegar þau eru tilbúin og bíða eftir fyrirmælum kennara. Börnin á yngri kjörnum setjast um leið og þau koma inn í fataklefann og fá aðstoð eitt í einu.

Fastir liðir í daglegu starfi skólans

Við heilsum og kveðjum öll börn með handabandi og sýnum þeim þannig umhyggju og virðingu og tengjum jákvæða upplifun við leikskólann.

Í fyrstu samveru dagsins byrjum við daginn saman á því að syngja og bjóða umhverfinu og hvoru öðru góðan dag.

Góðan dag kæra jörð,

góðan dag kæra sól,

góðan dag kæra tré,

og blómin mín öll.

Sæl fiðrildin mín

og lóan svo fín.

Góðan dag fyrir þig,

góðan dag fyrir mig.

Við byrjum hvern hópatíma á að syngja hópatímalagið og afmörkum þannig og skilgreinum aðstæðurnar sem börnin eru að fara í. Í lok hópatíma syngjum við takk fyrir hópatímann.

Velkomin í hópatímann,

hópatímann, hópatímann.

Velkomin í hópatímann,

hópatímann okkar.

Takk fyrir hópatímann,

hópatímann, hópatímann.

Takk fyrir hópatímann,

hópatímann okkar.

Valfundarlagið er sungið í upphafi hvers valfundar sem segir börnunum hvað er að fara gerast og hvaða reglur gilda.

Velkomin á valfund,

velkomin á valfund.

Brosandi hress/ir/ar

við veljum nú,

við erum vinir ég og þú.

Velkomin á valfund.

Fyrir alla matartíma syngjum við saman matarlagið

Allur matur á að fara,

upp í munn og ofan í maga.

Heyrið það, heyrið það,

svo ekki gauli garnirnar.

